

Grein þessi birtist í í riti félagsins: Tölvumál 1993, 18(4): 7-11

Starfsemi Skýrslutæknifélags Íslands í 25 ára eftir Odd Benediktsson

Þann 6. apríl árið 1968 var stofnaður félagsskapur sem hlaut nafnið Skýrslutæknifélag Íslands. Á stofnfundinum var Hjörleifur Hjörleifsson, fjármálastjóri hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, kosinn formaður en Hjörleifur var aðalhvataamaður að stofnun félagsins. Auk Hjörleifs Hjörleifssonar voru kosnir í fyrstu stjórnina þeir Gunnlaugur Björnsson, deildarstjóri í tölvudeild Sambands íslenskra samvinnufélaga, Jakob Sigurðsson, yfirmaður tölvudeildar Sláturfélags Suðurlands, Svavar Jóhannsson hjá Búnaðarbanka Íslands, Bjarni P. Jónasson, forstjóri Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar (SKÝRR), Magnús Magnússon, forstöðumaður Reiknistofnunar Háskóla Íslands, Sigfinnur Sigurðsson, borgarhagfræðingur og Sigurður Þórðarson, yfirmaður tölvudeildar Loftleiða. Endurskoðendur voru kosnir þeir Áki Pétursson hjá Hagstofu Íslands og Gunnlaugur B. Björnsson hjá Útvegsbanka Íslands. Fundarstjóri var Klemens Tryggvason, hagstofustjóri. Allir þessir menn höfðu haft forgöngu um tölvuvæðingu fyrirtækja sinna.

Nú, tuttugu og fimm árum síðar, eru félagar Skýrslutæknifélagsins rúmlega þúsund talsins. Félagstarfið er í miklum blóma. Haldnar eru ráðstefnur og efnt til sýninga og vettvangskynninga. Tugir erlendra fyrirlesara hafa komið til landsins á vegum félagsins. Félagið gefur út fagtímaritið "Tölvumál" og nú eru átján ár síðan tímaritið kom fyrst út. Félagið tekur þátt í starfi margs konar nefnda og ráða um upplýsingatækni og þá einkum varðandi stöðlun og íslenskt mál. Félagið veitir nemendum í framhaldsskólum og háskólum verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í tölvunámi. Síðastliðin tíu ár hefur félagið rekið skrifstofu og er Svanhildur Jóhannesdóttir nú framkvæmdarstjóri.

Formaður félagsins nú er Halldór Kristjánsson verkfræðingur og varaformaður Anna Kristjánsdóttir prófessor.

Óhætt er að fullyrða að Skýrslutæknifélagið hafi á liðnum árum haft veruleg áhrif á þróun upplýsingatækninnar hér á landi með starfsemi sinni. Félagið fjallar stöðugt um það sem efst er á baugi á fræðslufundum, námskeiðum og ráðstefnum. Tímaritið "Tölvumál" er eina íslenska fagtímaritið á sviði upplýsingatækni sem gefið er út reglulega. Félagið vinnur stöðugt að því að viðunandi útfærsla sé á íslenskum stöfum í algengum tölvubúnaði og að hinn erlendi orðaforði tækninnar sé íslenskaður.

Forsagan

Skýrsluvélanotkun á Íslandi hófst árið 1949 þegar Hagstofa Íslands flutti inn fyrstu gatspjaldavélarnar. Klemens Tryggvason var hagstofustjóri þá og einn af stofnendum Skýrslutæknifélagsins.

Fyrirtækið Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar (SKÝRR) var stofnsett árið 1952 í samvinnu Hagstofunnar, Rafmagnsveitu Reykjavíkur og embættis landlæknis vegna

kaupa á nýjum skýrslugerðarvélum. Þá hófst vélræn útskrift rafmagns- og hituveitureikninga og vinnsla verslunarskýrsla færðist yfir á nýju vélarnar.

Fyrsta tölvan kom til landsins árið 1964. Þá keypti SKÝRR tölva af gerðinni IBM 1401 til skýrslugerðar með eldri gatspjaldavélunum. Sama ár fékk Háskóli Íslands tölva af gerðinni IBM 1620 að gjöf frá Framkvæmdabanka Íslands. Tölva Háskólans var nýtt til vísinda- og verkfræðireikninga. Hún kostaði þá á við gott einbýlishús. Nú eru auglýstar tölur til fermingagjafa sem hafa margfalt meira reikniafl en IBM 1620 tölvan og þó dugði hún um árabíl fyrir alla helstu vísindaútreikninga landsmanna.

Þegar leið á sjöunda áratuginn varð æ ljósara að gagnavinnslan og tölvutæknin var all kostnaðarsöm og vandmeðfarin. Því var eðlilegt að hagsmunaaðilar bindist samtökum um að nýta tæknina sem best. Á hinum Norðurlöndunum og víðar höfðu þá verið stofnuð félög um nýtingu þessarar nýju tækni og voru félögin með svipuðu sniði og Skýrslutæknifélagið.

Starfsemi félagsins

Í félagasamþykkt Skýrslutæknifélagsins segir svo: "Tilgangur félagsins er að stuðla að hagrænum vinnubrögðum við gagnavinnslu í hvers konar rekstri og við tækni- og vísindastörf.

Þessum tilgangi hyggst félagið ná með því að gangast fyrir sýningum, fyrirlestrahaldi, umræðum, upplýsingamiðlun og námskeiðum ... samræmingu og stöðlun..."

Nú verður drepíð á nokkur atriði úr annálum félagsins.

Fyrstu árin mótaðist starfsemin af kynningar- og fræðslustarfsemi. Þá var einnig lagður grundvöllur að norrænu samstarfi á þessu sviði á vettvangi Nordisk Data Union.

Orðanefnd félagsins hóf störf á þessum tíma. Gögn sem varðveist hafa um starfsemi félagsins fyrstu árin eru mjög slitrótt og ber annállinn merki þess.

1968

Stjórn félagsins hlutaðist til um stöðlun á segulræmum og gatræmum. Hluti af samþykkt um þetta efni hljóðaði svo: "Með tilliti til þess að gera má ráð fyrir mjög aukinni notkun segulræma og pappírsmæla við gagnavinnslu í rafeindavélum, vill stjórn

Skýrslutæknifélagsins eindregið mæla með því, að allir, sem þessi tæki nota, hafi sömu stærðir. Stjórnin mælir með því að notaðar séu ræmur með átta (8) rásam..."

Ný vélarsamstæða IBM 360/30 hjá SKÝRR var kynnt ásamt nýjungum í þjóðskrárvinnslu. Erindi héldu Bjarni P. Jónasson, Einar Pálsson, Jón Zóphoníasson, Max Rosen, deildarstjóri frá IBM Danmörku, og Óttar Kjartansson.

1969

Ráðstefna var haldin um "fræðslumál, að því er snertir gagnavinnslu með rafeindavélum". Efnisflokkar voru þessir: "Menntun og þjálfun starfsmanna", "Fræðsla fyrir forstöðumenn of yfirmenn", "Undirbúningur verkefna" og "Líkanagerð fyrir rafreikna".

Oddur Benediktsson hélt erindi á félagsfundi sem hét "Uppbygging og úrvinnslu skráa fyrir rafeindavélanotkun".

1972

Á félagsfundi flutti Ólafur Tómasson erindið "Fjarvinnslukönnun á vegum CEPT" og Rolf Ammundsen erindið "Um aðferðir við áætlun um fjarvinnsluþörf á sviði tölvutækni".

Haldinn var félagsfundur með pallborðsumræðum um "Ýmis viðhorf gagnvart tölvutækni". Við pallborðið sátu Sigurður Þórðarson, Bjarni Grétar Ólafsson, Ottó A. Michelsen, Ásmundur Brekkan, Hjörtur Torfason, Þórhallur Halldórsson og Gunnar Gunnarsson. Ýmsar spurningar voru reifaðar svo sem: Hver er réttarstaða borgaranna gagnvart notkun tölvutækni? Hver er höfundaréttur eða upprunaréttur að forritum? Hver er staða tölvutæknimanna í þjóðfélaginu? Hver er helsti ávinningur af hagnýtingu tölvunnar? Er listsköpun hugsanleg með tölvu?

Á félagsfundi var fjallað um hagnýtingu tölvuvinnslu. Haukur Pálmason flutti erindið "Notkun stýritölva við dreifingu rafmagns", Þorgeir Pálsson erindið "Notkun stýritölva við flugumstjórn, Elías Davíðsson erindið "Gagnamiðstöð og gagnavinnsla á sjúkrahúsum" og Jóhann Gunnarsson erindið "Nýjungar á sviði tölvutækni".

1973

Í febrúar 1973 voru alls 63 fyrirtæki, félög og stofnanir skráð í Skýrslutæknifélaginu og aðildin alls 181 einstaklingar.

Poul E. Hjulmand, forstjóri hjá Bankernes EDB Central í Danmörku, hélt fyrirlestur er hann nefndi "Samarbejde paa dataprocessing omraadet".

Haldin var ráðstefna í samvinnu við Stjórnunarfélag Íslands um "Gildi stórrar tölvumiðstöðvar fyrir þróun tölvutækni hér á landi". Kristen Nygaard, forstöðumaður Norsk Regnecentarlen, og Oddur Benediktsson voru frummælendur.

Bent Rosenkranz, frá IBM í Danmörku, hélt fyrirlesturinn "Nýjungar á APL-SVIÐINU". Helgi Sigvaldason hélt fyrirlestur um hæfnismat tölvusamstæða.

1974

Orðanefnd Skýrslutæknifélagsins gaf út "Skrá yfir orð og hugtök varðandi gagnavinnslu", 2. útgáfa. Þá var nefndin skipuð þeim Bjarna P. Jónassyni, Jóhanni Gunnarssyni, Jóni Skúlasyni og Þóri Sigurðssyni.

1975

Einar Pálsson, forstjóri Reiknistofu bankanna, var kosinn formaður félagsins.

Elías Davíðsson vakti máls á nauðsyn þess að sett verði lög um meðferð persónuupplýsinga í tölvum.

Haldið var námskeið í kerfisgerð. Kennarar voru Mogens Boman og Ejvind Næsborg. Fjallað var um stöðlunarmál á félagsfundi. Framsögu höfðu Hörður Jónsson og Sverrir Júlíusson.

1976

Guðni S. Gústafsson hélt erindi um hlutverk endurskoðandans í tölvuvinnslu.

Poul Sveistrup, dósent við Kaupmannahafnarháskóla, hélt erindi sem hann nefndi: "Privathed contra offentlighed i data-lovgivning".

Rit félagsins, "Tölvumál", hóf göngu sína þetta ár. Í ritnefnd voru Óttar Kjartansson, ábm., Oddur Benediktsson og Grétar Snær Hjartarson.

1977

Oddur Benediktsson var kosinn formaður félagsins.

Gunnlaugur G. Björnsson flutti erindið: "Reiknistofa bankanna frá sjónarhóli bankamanns".

Oddur Benediktsson og Gunnar Ingimundarson fluttu fyrirlestra um gagnasafnskerfi. Sture Allén, prófessor í Gautaborg, flutti erindi um máltölvun.

Willy Bohn, staðlasérfræðingur hjá IBM í Þýskalandi, flutti erindi á félagsfundi í desember 1977 um alþjóðlega staðla og stafatöflur. Willy mun reyndar hafa liðsinnt Íslendingum svo um munaði þegar unnið var að 8-bitu tölvustafatöflum fyrir Evrópu. Honum eigum við að þakka að allir séríslensku stafirnir finnast í hinum veigamikla, alþjóðlega stafatöflustaðli ISO 8859. Þessi staðall er enn grundvöllur þess að við getum krafist þess af framleiðendum almenns tölvubúnaðar að íslenskan sé útfærð samkvæmt staðli.

Vinnuhópar um niðurröðun íslensku stafanna í stafatöflum og á lyklaborði skiluðu af sér á árinu.

1978

Fjallað var um míkrofilm- og míkrofichetækni á félagsfundi og höfðu þeir Jakob Sigurðsson, Stefán Ingólfsson og Helgi V. Jónsson framsögu.

Þorvarður Jónsson flutti erindi sem hann nefndi: "Modem og gagnasendingar um símakerfið".

Haldinn var félagsfundur um "Tölvunotkun við stjórn fyrirtækja" og fluttu þessir menn erindi: Páll Jensson, Halldór Friðgeirsson, Þorgeir Pálsson og Björn Friðfinnsson.

Ármann Snævarr flutti erindi um efnið: "Frumvarp til laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni".

1979

Jón Þór Þórhallsson var kosinn formaður félagsins.

Félagið efndi til "Smátölvusýningar" í húsnæði Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands.

Samkvæmt beiðni Alþingis gaf félagið umsögn um frumvarp um persónugagnalöggjöf og lagði til breytingar á frumvarpinu.

Páll Jensson, Ari Arnalds, Elías Davíðsson og Guðni Kristjánsson unnu að stöðlun samninga fyrir kaup og viðhald á tölvubúnaði.

Kevin R. Batchelor flutti fyrirlestur um þátt endurskoðenda í mati á tölvukerfum.

1980

Vettvangskynning var haldin í húsnæði frystihúss Ísbjarnar hf.

Páll Theodórsson flutti erindi um efnið "Ritvinnsla - textavinnsla".

Jóhann P. Malmquist flutti erindi um gagnasafnskerfi.

1981

Tillaga gerð að niðurröðun íslensku stafanna á lyklaborð sem byggði á alþjóðastaðlinum ISO 2126. Þá voru í lyklaborðsnefnd Auðun Sæmundsson (formaður), Helgi Jónsson og Jóhann Gunnarsson.

Björgvin B. Schram flutti erindi um verkefnisstjórn.

Michael Jackson flutti erindið: "The Jackson Method (JSP) for program and system design".

Á fundi um örtölvur hélt Sigfús Björnsson erindi sem nefndist "Hvað er örtölva" og Oddur Benediktsson erindið "CP/M stýrikerfið og örtölvuhugbúnaður".

Lög nr. 63/1981, um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, voru fyrstu lög til verndar einstaklingum vegna skráningar á upplýsingum um einkamálefni þeirra. Samkvæmt beiðni Alþingis gaf félagið umsögn um frumvarpið og lagði til breytingar á því. Svo nefnd "Tölvunefnd" starfar samkvæmt lögnum til þess að hafa eftirlit með framkvæmd þeirra. Skýslutæknifélagið tilnefnir mann í Tölvunefnd. Bjarni P. Jónasson var fyrsti fulltrúi félagsins í nefndinni og Guðjón Reynisson er nú fulltrúi.

1982

Philip H. Dorn flutti fyrirlesturinn: "An EDP Manager's Guide to Survival".

Benedikt Sigurjónsson flutti erindi um störf Tölvunefndar.

Datadagur '82 var haldinn í samvinnu við Nordisk Dataunion. Þar voru fluttir fyrirlestrar um tölvunotkun í framtíðinni.

Skýrslutæknifélagið gerðist aukaaðili að Nordisk Dataunion.

Á félagsfundum um "Tölvur og heilsufar" fluttu fyrirlestra þau Ólafur Guðmundsson, Guðbjörg Sigurðardóttir og Hrafnkell Gíslason sem þá voru í tölvunarfræðinámi.

1983

Sigurjón Pétursson var kosinn formaður félagsins.

Félagsfundur haldinn um tölvunet á Íslandi.

Á félagsfundum um almenn gagnanet flutti Jón Á. Skúlason fyrirlestur um áform Pósts og síma og Gunnar Ingimundarson um spá um þörf á gagnaneti.

Leif Ortman flutti fyrirlestur um verkefnastjórnun við gerð tölvukerfa.

1984

Fyrsta útgáfa *Tölvuorðasafns* var gefið út. Ritstjóri var Sigrún Helgadóttir. Og orðanefnd Skýrslutæknifélagsins lét ekki þar við sitja því 1986 kom *Tölvuorðasafnið* út í aukinni og endurbættri útgáfu. Orðanefndina skipuðu þá Baldur Jónsson, Sigrún Helgadóttir (formaður), Þorsteinn Sæmundsson og Örn Kaldalóns. Við gerð safnsins var lagður til grundvallar staðallinn ISO 2382 "Data processing - Vocabulary".

Haldið var námskeið um gagnasafnskerfi og var Jóhann P. Malmquist kennari.

1985

Félagið, með Jóhann Gunnarsson í broddi fylkingar, hlutaðist til um að útfærsla íslenskunnar var samræmd á IBM PC samhæfðum tölvum.

Hallgrímur Snorrason flutti erindið: "Endurskipulagning þjóðskrár". Hallgrímur greindi frá því að hið svonefnda nafnnúmer Hagstofunnar yrði lagt niður og kennitalan yrði eina auðkenni einstaklinga.

Haldin var námsstefna um tölvunet í samvinnu við Háskóla Íslands.

Þorbjörn Broddason og Þórarinn Eldjárn fluttu fyrirlestra á fundi um áhrif tölvutækni á menningu og líf.

John Gilbert frá Cornell University flutti fyrirlestur sem nefndist "What is analysis of algorithms".

1986

Helgi Jónsson var skipaður fulltrúi félagsins í nýstofnað staðlaráð um upplýsingatækni á vegum Iðntæknistofnunar Íslands. Oddur Benediktsson var formaður ráðsins.

Snorri Agnarsson flutti fyrirlestur um einingaforritun.

Haldin var alþjóðleg ráðstefna, ÍsDATA '86. Þátttaka í ráðstefnunni var ekki nægjanleg til þess að næðist upp í kostnað.

Jörgen Pind flutti fyrirlestur sem hann nefndi "Orðabókargerð á tölvuöld".

1987

Páll Jensson var kosinn formaður félagsins.

Félagsfundur var haldinn um söluskatt á hugbúnaði. Framsögumenn voru Hjörtur Hjartar og Vilhjálmur Þorsteinsson.

ET-dagur. Fjallað var um einmenningstölvur.

Ragnar Pálsson flutti erindi um rekstur tölvudeilda.

Haldið var námskeið í hugbúnaðarverkfræði. Fyrirlesarar voru þeir Oddur Benediktsson og Bjarni Júlíusson.

Jón Sigurgeirsson og Knútur Bruun fluttu fyrirlestra um höfundarétt.

1988

Á tuttugu ára afmæli félagsins var haldin ráðstefna um "fram tíðarsýn og þróun í upplýsingatækni og staða Íslands í þeim efnum".

Haldin var ráðstefnan: Einmenningstölvur. Björt framtíð." Erindi fluttu: Haukur Oddsson, Friðrik Sigurðsson, Páll Jensson, Jóhann Þór Magnússon, Pálmi Hannesson, Friðrik Friðriksson og Árni Jónsson.

1989

Halldór Kristjánsson var kosinn formaður félagsins.

Grenville Edwards flutti fyrirlestur á félagsfundi um Open System Foundation.

Eftirtaldar ráðstefnur voru haldnar 1989 og voru allt að átta fyrirlesarar á þeim:

"Hagnýt tölvusamskipti", "Hugbúnaðargerð, bætt vinnubrögð - breytt viðhorf" og "Einmenningstölvur, afl til átaks".

1990

Haldinn var félagsfundur um Unix stýrikerfið. Maríus Ólafsson flutti erindið "Er Unix valkostur" og Douglas Brochie erindið "Sjónarmið SKÝRR".

Haldin var námsstefna um upplýsingahagfræði. Guðmundur Magnússon flutti inngangserindi og Marilyn M. Parker frá IBM í Bandaríkjunum var aðalfyrirlesari.

Haldinn var félagsfundur um gæðastjórnun í hugbúnaðargerð. Þeir Gunnar H.

Guðmundsson, Oddur Benediktsson og Daði Jónsson fluttu fyrirlestra.

Á félagsfundi fjölluðu þeir Jóhann Gunnarsson, Stefán Ingólfsson og Jón Þór Þórhallsson um verkefni RUT-nefndarinnar.

1991

Skýrslutæknifélagið gerðist fullgildur aðili að Nordisk Dataunion og hafði verið aukaaðili frá 1982. Lilja Ólafsdóttir var formaður samtakanna um skeið. Félagið er aukaaðili að IFIP (International Federation for Information Processing).

Haldnar voru eftirtaldar ráðstefnur á árinu:

"Framtíðarsýn stjórnenda", "Tölvunotkun í námi", "Opin kerfi", "Stöðluð notendaskil" og "Einmenningstölvur - gluggað í framtíð", "Námstefna um siðamál og viðskiptahætti" og "Hugbúnaðargerð - nýir straumar.

1992

Félagið tók þátt í stofnun "Fagráðs í upplýsingatækni" á vegum Staðlaráðs Íslands og var Halldór Kristjánsson kosinn í stjórn fagráðsins. Jóhann Gunnarsson var fyrsti formaður ráðsins.

"Tölvumál" rit félagsins birtist í nýjum og vöndumum búningi. Ritstjórnina skipuðu þau Ágúst Úlfar Sigurðsson, ritstjóri og ábm., Daði Jónsson, ritstjóri, Björn Þór Jónsson og Sigrún Harpa Hafsteinsdóttir. "Tölvumál" er eina íslenska fagtímaritið á sviði upplýsingatækni sem gefið er út reglulega.

Félagið samþykkti siðareglur fyrir félagsmenn sína. Í siðanefnd eiga sæti Gunnar Linnét, Oddur Benediktsson (formaður) og Sigurjón Pétursson.

Haldnar voru ráðstefnurnar: "Upplýsingatækni - Ísland - Evrópa", "Ríkið og tölvumálin - hvert stefnir", "Vinnubrögð í hugbúnaðargerð" og Tölvusamskipti '92".

ET dagur. Fjallað um einmenningstölvur.

1993

Námsstefnan "Nettengdur sýndarveruleiki" var haldin í samvinnu við Félag tölvunarfræðinga og Háskóla Íslands. Carl E. Loeffler frá Carnegie Mellon University var fyrirlesari. Með orðum hans sannaðist það er Jónas kvað:

Ég kominn upp á það,
allra þakka verðast,
að sitja kyrr á sama stað,
og samt að vera að ferðast.

Haldin var ráðstefnan "Fjarskipti - grunnur framtíðarinnar" þar sem K.H. Rosenbrock, yfirmaður ETSI staðlastofnunarinnar, og Guðmundur Ólafsson höfðu framsögu.